

Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands
Október 2001

Yfirlit efnahagsmála

Hækkun vísitölu neysluverðs í samræmi við væntingar

Hækkun vísitölu neysluverðs í byrjun október um 0,6% var mjög nálægt því sem markaðsaðilar höfðu gert ráð fyrir. Tólf mánaða hækkun vísitölnunnar mældist 8%, en 8,6% án húsnæðisliðar. Milli 2. og 3. ársfjórðungs hækkaði vísitala neysluverðs um 2,3%, en í júlí sl. spáði Seðlabankinn 2,1% hækkun. Þetta er lítið frávik og langt innan skekkjumarka. Tæplega 2/3 hluta (0,37%) hækkunarinnar má rekja til verðhækkunar innfluttrar vöru. Þar gætir meðal annars árstíðarbundinna áhrifa þess að haustútsölur runnu sitt skeið, en einnig umtalsverðrar verðhækkunar innfluttra matvæla. Þau hækkuðu í verði um 2,8% og frá október 2000 til jafnlengdar á þessu ári um rúmleg 22%, sem samsvarar hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónu á sama tíma (miðað við meðalgengi í september). Hafa innfluttar matvörur hækkað þrefalt meira en aðrar innfluttar vörur á sl. ári. Innfluttar vörur aðrar en matvæli, bílar og bensín hafa t.d. aðeins hækkað 6,5%. Húsnæðisliður vísitölnunnar stóð nánast í stað.

Verðbólguvæntingar hafa lækkað að undanförmu. Frá því bankinn gerði síðustu verðbólguþá hefur verðbólguálag ríkisskuldabréfa lækkað u.þ.b. 1½%. Verðbólguálag óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til rúmlega tveggja ára var 19. október 3,9%, eða svipað og í lok mars, þegar verðbólguþámið var tekið upp.

Vísbendingar um eftirspurn og launabróun sýna að enn er mikil spennu á vinnumarkaði en vinnumarkaðskönnun bendir til þess að úr henni muni draga á næstunni

Vinnumarkaðurinn var enn afar spenntur í september, eins og eftirfarandi ber glöggt vitni um:

- Atvinnuleysi í september mældist aðeins 1%, eða u.þ.b. hið sama og fyrir ári.
- Mikill fjöldi starfa er enn í boði hjá vinnumiðlunum, eða u.þ.b. hinn sami og fyrir ári.
- Síðastliðna tvo fjórðunga jókst launaskrið. Launavísitalan hækkaði um 1,7% milli 2. og 3. ársfjórð-

ungs og um 0,4% í september. Mun meiri hækkun varð hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum en á almennum markaði. Á einu ári höfðu laun á almennum vinnumarkaði hækkað um 7,2% en laun opinberra starfsmanna og bankamanna um 11,3%. Áætlað launaskrið hjá fyrrnefnda hópnum jókst úr 2,7% í 3,3% og hefur ekki verið meira svo langt sem gögn ná (1990).

- Enn er veittur töluverður fjöldi nýrra tímabundinna atvinnuleyfa til útlendinga utan frá öðrum en EES-löndum, þó þeim hafi fækkað nokkuð frá fyrra ári.

Vinnumarkaðskönnun Þjóðhagsstofnunar, sem gerð var í september, bendir á hinn bóginn til þess að breytingar kunni að vera í aðsigi. Samkvæmt henni vildu vinnuveitendur fækka starfsfólki um 0,3% af vinnuaflinu og meira á höfuðborgarsvæðinu. Í september í fyrra vildu þeir fjölga starfsfólki um 1,7%. Samkvæmt könnuninni mun draga enn frekar úr eftirspurn eftir vinnuafli á fyrri hluta næsta árs, eða um rúmlega 3%.

Jafnt og þétt dregur úr undirliggjandi vexti útlána en vöxtur peningamagns og sparifjár er enn umtalsverður

Ef áhrif gengisbreytinga og sjálfvirkrar verðuppfærslu útistandandi lána eru dregin frá hefur jafnt og þétt dregið úr vexti útlána innlánsstofnana frá því í janúar sl. Í lok september mældist 12 mánaða vöxtur útlána þannig reiknaðar 7½%. Ef leitnin í vextinum það sem af er árinu heldur áfram mun vöxturinn stöðvast snemma á næsta ári. Í september jukust útlán að frádregnum gengis- og verðbreytingaruppfærslum um 0,4%, en mánuðina tvo á undan drógust útlán þannig reiknuð saman, samtals um 0,8%. Vöxturinn undanfarið hálf ár nam rúmlega 5% á árs kvarða og síðustu 3 mánuðina var lítilsháttar samdráttur. Undirliggjandi útlánavöxtur er því síðustu mánuði kominn á eða undir það stig sem til lengdar samrýmist stöðugleika og lítilli verðbólgu. Þetta er mikilvægt, þar sem vöxtur útlána er leiðandi vísbending um þróun eftirspurnar.


Umtalsverður 12 mánaða vöxtur var hins vegar enn í breiðu peningamagni (M3) í lok september. Hann mældist 14,7%, eða heldur meiri en mánuðina á undan. Þetta er meiri vöxtur en staðist fær til lengdar, en hafa ber í huga að M3 er fremur vísbending um samtíma- en framtíðareftirspurn hér á landi. Vöxtur M3 endurspeglar því e.t.v. fyrst og fremst þá staðreynd að tekjur eru enn í vexti. Að nokkru leyti kann einnig að vera um aukna eftirspurn eftir peningum að ræða, umfram það sem tekjuþróun gefur tilefni til, þar sem óvissa á gjaldeyris- og verðbréfamörkuðum hefur ýtt undir notkun gjaldeyris- og peningamarkaðsreikninga, sem og verðtryggðra reikninga er uppfærast sjálfkrafa með verðbólgunni. Að raungildi jókst peningamagn um rúm 5,6% á 12 mánuðum til septemberloka. Það bendir ekki til þess að samdráttur hafi enn sett mikið mark á efnahagslífið.

Fyrirhuguð lækkun skatta á fyrirtæki leiðir til hækkunar á verði hlutabréfa


Í kjölfar yfirlýsinga um lækkun á tekjuskatti fyrirtækja úr 30% í 18%, ásamt lækkun eignarskatts á fyrirtæki o.fl. skattkerfisbreytingum, tók hlutabréfamarkaðurinn verulegan kipp. Úrvals- vísitalan hækkaði um 6% eftir að skattalækkunin var kynnt, sem var mesta hækkun hennar á einum degi frá upphafi. Hefur vísitalan hækkað enn frekar síðan. Þann 19. október hafði úrvals- vísitalan hækkað um nær 13% frá því hún var lægst sl. sumar.

Í Hagvísunum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 22. október 2001.


I Alþjóðleg efnahagsmál




Iðnaðarframleiðsla dróst saman um 0,7% í ágúst og 1% í september. Hún hafði þar með dregist saman 12 mánuði í röð, samtals um 5,8%. Nýting framleiðslugetu í iðnaði hefur ekki verið minni frá árinu 1983. Smásöluverslun dróst saman um 2,4% í september. Atvinnuleysi hélst óbreytt í september, eða 4,9%, en áframhaldandi fjöldauppsagnir og aukin sókn í atvinnuleysisbætur benda til vaxandi atvinnuleysis á næstunni. Neysluverðsvísitalan hækkaði um 0,1% í september, en kjarnavísitalan um 0,2%.




Verðbólga á evrusvæðinu minnkaði í 2,5% í september, sem er minnsta verðbólga frá því í janúar. Kjarnaverðbólga jókst hins vegar úr 2% í 2,2%. Eftir 1,3% samdrátt í júlí jókst iðnaðarframleiðsla á evrusvæðinu um 1,1% í ágúst. Mesta lækkun Ifo-væntingavísitalunnar þýsku í 28 ár varð í september. Atvinnuleysi á evrusvæðinu var óbreytt í ágúst, 8,3%, fjórða mánuðinn í röð.




Eftir lækkun 5 mánuði í röð, jókst iðnaðarframleiðsla lítillega í ágúst. Atvinnuleysi hélst óbreytt við 5%. Verðhjöðnun heldur áfram.




Atvinnuleysi jókst tímabilið júní - ágúst skv. vinnumarkaðskönnunum, en skráð atvinnuleysi fór enn lækkandi í september. Verðbólga (headline inflation) minnkaði í september úr 2,1% í 1,7%. Undirliggjandi verðbólga minnkaði einnig úr 2,6% í 2,3%, eða niður fyrir 2,5% markmiðið. Væntingar neytenda fara áfram versnandi. Iðnaðarframleiðslan jókst um 1% í ágúst, en samdráttur yfir 12 mánuði jókst í 2,3%.




Vöxtur breiðs peningamagns á evrusvæðinu hefur aukist undanfarna mánuði. Þriggja mánaða meðaltalið jókst úr 5,9% í júlí í 6,4% í ágúst. ECB skýrir aukinn vöxt með aukinni eftirpurn eftir peningum vegna fallandi verðs hlutabréfa. Í Bandaríkjunum nam vöxtur M3 yfir 12 mán. til júliloka 11,9%.




Í ágúst nam 12 mánaða vöxtur útlána á evrusvæðinu til aðila innan svæðisins 6,2%. Tólf mánaða vöxtur útlána í Bandaríkjunum til innlendra aðila annarra en fjármálastofnana nam 5,1% í septemberlok.




Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum féll verulega í kjölfar atburðanna 11. september, en hefur að undanfögnu verið svipað og það var fyrir þann tíma.



Verð hlutabréfa í Evrópu hefur þróast á sama veg og í Bandaríkjunum, með hlutabréfaverð viðast á svipuðu reki og dagana fyrir 11. september. Nikkei-vísitalan japanska féll 17. septembar í lægsta gildi frá árinu 1983, u.þ.b. 9.500 stig, en hefur rétt nokkuð úr kútnum síðan þá, undanfarið nálægt 10.500 stigum.




Seðlabankar Bandaríkjanna, Kanada, Evrópu, Bretlands og víðar lækkuðu vexti 17. september um ½% í samræmdum aðgerðum. Bandaríski seðlabankinn lækkaði síðan vexti aftur um ½% 2. október niður í 2,5%. Stýrivextir Seðlabanka Evrópu eru nú 3,75%. Seðlabanki Bretlands lækkaði aftur vexti um 0,25% 2. október sem þar með eru orðnir hinir lægstu í 30 ár, eða 4,5%. Seðlabanki Japans lækkaði vexti 18. september úr 0,25% í 0,1%, sem er nýtt lágmark. Seðlabanki Kanada lækkaði vexti um 0,75% 23. október.




Langtímaxvextir hafa haldið áfram að lækka á öllum helstu gjaldmiðlasvæðum. Í Bandaríkjunum eru þeir um þessar mundir u.þ.b. 1% lægri en fyrir ári.


II Ytri skilyrði þjóðarbúsins




Gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal styrktist nokkuð í kjölfar atburðanna 11. september og nálgadist 93 sent uppúr miðjum september. Síðan hefur gengi evrunnar lækkað á ný.



Botnfiskaflinn hefur dregist saman um fimmting undanfarið 2 ár. Uppsýðarafla hefur haldið uppi heildaraflamagninu á sama tíma og aukinn kolmunnaafli verið mikilvæg viðbót. Einnig vegur aukin verðmæta-sköpun og meiri úrvinnsla hráefnis á móti. Samdráttur aflaverðmætis á föstu verði verður því líklega aðeins 1-2% á árinu, skv ÞHS. Útflutningur sjávarafurða var á föstu gengi 0,8% meiri á fyrstu átta mánuðum þessa árs en í fyrra.




Verðlag sjávarafurða var í ágúst um fjórðungi hærra í krónum en fyrir ári og tæplega 6% hærra í erlendri mynt. Saltfiskur hefur hækkað mikið í verði sl. mánuði, stór fiskur um allt að 35% í krónum talið. Þá hefur verð á lýsi og mjöli hækkað um 40% frá áramótum og nær 60% frá meðaltali jan.-okt. 2000. Fryst sild hefur hækkað um helming í verði frá áramótum. Álverð heldur áfram að lækka, eins og verð annarra grunnmálma, og er u.þ.b. 20% lægra en um áramót, enda gætir offramboðs vegna samdráttar í heimsbúskapnum.




Hrun hefur orðið í eldsneytisverði sl. fjórar vikur. Í byrjun vikunnar hafði hráolíuverð fallið um nærri 30% og bensínverð um rúmlega þriðjung frá meðalverði september. Bensínverð hefur ekki verið lægra í 28 mánuði. Þar sem verð á hráolíu hefur fallið undir þann verðþröskuld sem Opec hefur sett, US\$22/fatið, má búast við viðbrögðum frá samtökunum. Óvist er þó að mikil verðhækkun hljótist af þar sem mjög hefur dregið úr eftirspurn. Forsendur virðast fyrir umtalsverðri lækkun á útsöluverði bensíns á næstunni.


III Framleiðsla og velta




Verð hrávöru að eldsneyti undanskildu hefur ekki verið lægra um árabíl og fer enn lækandi. T.d. hafa grunnmálmar lækkað verulega í verði. Matvælaferð hefur hins vegar hækkað nokkuð milli ára.



Skv. vsk.uppjöörum jókst velta 5,3% að raungildi á fyrrihluta ársins, en 1,4% milli sömu tímabila 1999 og 2000. Í heildsölu (eldsneyti undanskilið) jókst velta um 2% að raungildi, en 0,5% í smásölu. Veruleg raunveltuaukning var í iðnaði, þjónustu og byggingarstarfsemi.




Fyrstu níu mánuði ársins var 14% meiri sementssala en á sama tíma í fyrra, sem er svipuð aukning og undanfarin 4 ár. Samdráttur í skráningu bíla fer vaxandi og nam 48% milli fyrstu níu mánaða þessa árs og sama tímabils í fyrra.




Sú mynd sem afkomutölur skráðra fyrirtækja gefa í árshelmingsuppjöörum þessa árs er mjög tvihiðá. Annars vegar er mikið bókfært rekstrartap efiir skatta v/ mikils bókfærðs gengistaps á erl. lánum en hins vegar góð og hækandi framlegð (hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði sem % af veltu). Veltufé frá rekstri jókst einnig verulega milli ára. Þessar tölur benda til að rekstrarumhverfi hafi verið allgott á fyrri hluta þessa árs. Raunveltuaukning var einnig umtalsverð hjá þessum fyrirtækjum eða 15%.


IV Utanríkisviðskipti




Í upphafi ársins var samningsverð um 9% undir kostnaðaráætlunum. Þegar leið á árið hækkaði samningsverð sem hlutfall kostnaðaráætlana verulega, en hækkunin hefir nú að nokkru leyti gengið til baka. Nýlega hefur óvegið meðalsamningsverð í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins verið u.þ.b. 5% undir kostnaðaráætlunum en vegið meðaltal um 3% undir kostnaðaráætlunum.



Á fyrstu átta mánuðum ársins voru vöruskipti án viðskipta með skip og flugvélar við útlönd neikvæð um 4½ ma.kr. Á sama tíma í fyrra voru vöruskipti neikvæð um 15,3 ma.kr., á gengi þess árs. Á sama tíma hefur gengi krónunnar lækkað um 15,9%.




Í ágúst voru fluttar út vörur fyrir tæpa 17 ma.kr. og inn fyrir 17,4 ma.kr.




Árstíðaleiðréttur innflutningur án skipa og flugvéla hefur dregist mikið saman frá því í október 2000 þegar hann náði hámarki og hefur ekki verið minni frá því í febrúar 1999.


V Opinber fjármál




Fyrstu átta mánuði ársins var almennur útflutningur 1½% meiri en árið áður og verð hækkaði um 22,4% sem rekja má til 18,9% hækkunar á meðalverði erlends gjaldeysis frá sama tíma í fyrra. Útflutningur iðnaðarvöru jókst um 10% að magni en útflutningur sjávarafurða dróst saman um 2%. Innflutningur dróst saman um tæp 5%. Almennur innflutningur dróst saman um 7½% og innflutningur neysluvöru um 15½%.



Fyrstu 9 mán. ársins 2001 voru greidd gjöld 7 ma.kr. hæri en tekjur, en á sama tíma í fyrra var 7,5 ma.kr. afgangur. Hrein lánsfjárbörf var 8,7 ma.kr. út sept., mest vegna hallans. Lánsfjárbörf með 10,7 ma.kr. lífeyris-sjóðagreiðslu var 19,3 ma.kr. Erlend fjármögnun var 10 ma.kr., ríkisvixlar 6 ma.kr. og af Seðlabankainnstæðum 5 ma.kr. Lítilsháttar útstreymi var á innlendum skuldum.




Tekjur út september 2001 voru 6,6% hærrí en á sama tíma í fyrra, og hefur 12 mánaða hækkun tekna frá ársbyrjun verið 6-8% undanfarna mánuði. Beinir skattar skiludu u.þ.b. 20% meira en í fyrra, eftirágreiddir meiru en samtímagreiddir. Gjöld voru 15% hærrí en á sama tíma í fyrra og hefur dregið úr hækkunum, úr 18% í ágúst í 15% í september, ekki síst vegna mikilla greiðslna í september 2000.




Myndin sýnir 12 mánaða raunbreytingu 4ra mánaða meðaltala skatttekna. Skattar tengdir innflutningi og áfengissölu hafa dregist saman um 13%, en staðgreiðsla tekjuskatts einstaklinga til ríkisins og tryggingagjöld af launum einstaklinga hækkuðu um 8% að raungildi frá sama tíma fyrir ári.


VI Vinnumarkaður og tekjur




Myndin sýnir 4ra mánaða meðaltal rauntekna miðað við neysluverð í þremur skattaflokkum sem allir draga dóm af nýlegri þróun. Tekjur ríkisins af staðgreiðslu og launasköttum eru stöðugar u.þ.b. 8% hærrí en á sama tíma í fyrra, á meðan rauntekjur af virðisaukaskatti og innflutningi hafa lækkað verulega. Minni samdráttur óbeinna skatta síðustu mánuði er sennilega að mestu vegna reglubundinnar árstíðasveiflu.




Atvinnuleysi í september mældist 1,0% og lækkaði um 0,1% frá fyrri mánuði. Í september 2000 mældist atvinnuleysi 0,9%. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi var 1,4% í september og hækkar um 0,1% frá fyrri mánuði. Í september í fyrra var árstíðaleiðrétt atvinnuleysi 1,2%.




Launavísitalan hækkaði um 0,4% í september og 9,1% undanfarna 12 mánuði. Undanfarna 12 mánuði jókst kaupmáttur um 0,7%.



Launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hækkaði um 11,3% frá 3. ársfj. 2000 til 3. ársfj. ársins 2001. Á sama tíma hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 7,2%. Launaskrið hefur aukist að undanförmu eða um 2,6% á 2. ársfj. 2001 og um 3,3% á 3. ársfj. frá sömu ársfj. fyrir ári.




Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Þjóðhagsstofunnar í september vildu vinnuveitendur fækka starfsfólki um 0,3%. Á höfuðborgarsvæðinu vildu þeir fækka starfsfólki um 0,5% af vinnuaflinu, sem er mikil breyting frá september í fyrra þegar þeir vildu fjölga starfsfólki um 1,7%. Á landsbyggðinni vildu atvinnurekendur fækka starfsfólki um 0,1% af vinnuaflinu samanborið við 1,1% í fyrra. Samkvæmt könnuninni mun draga enn frekar úr eftirspurn eftir vinnuaflum fram á mitt næsta ár, eða um rúmlega 3%.




Veitt voru 476 atvinnuleyfi til ríkisborgara utan EES í september samanborið við 522 í september í fyrra. Þetta er í þriðji mánuðurinn í röð þar sem veitt atvinnuleyfi eru færri en í sama mánuði árið áður. Fjöldi veittra atvinnuleyfa er samt sem áður um þriðjungji meiri en á sama tíma árin 1996 og 1997. Fjöldi lausra starfa hjá vinnumiðlunum í lok september var 678 sem er örlítið meira en á sama tíma fyrir ári, en rúmlega þrefalt fleiri en á sama árstíma árin 1996 og 1997.


VII Gengi og eignaverð




Hlutabréfamarkaðurinn rétti nokkuð úr kútnum þegar ríkisstjórnin tilkynnti áform um skattalækkun. Fór vísitalan þá yfir 1.100 stig í fyrsta sinn frá því á vormánuðum. Vaxandi áhugi virðist vera á hlutabréfum, einkum sjávarútvegsfyrirtækja. Er það í samræmi við spár sem fram hafa komið að undanförunu um batnandi afkomu flestra skræðra fyrirtækja.




Vísitala fasteignaverðs (bæði sér- og fjölbyli) á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 4,7% undanfarna 12 mánuði (m.v. ágúst) en undanfarna 4 mánuði hefur vísitalan lækkað milli mánaða. Vísitala fermetraverðs í fjölbyli nær fram í september. Nokkuð dró úr 12 mánaða hækkun hennar í september, úr 4,1% í ágúst í 3,7%.




Nýjustu tölur um rauverð á atvinnuhúsnæði staðfesta að hækkanahrna árána 1998-2000 er gengin yfir. Ekki eru hins vegar skýr teikn um það í gögnum að rauverð sé tekið að lækka. Hafa verður í huga að tiltölulega fáir kaupsamningar falla til í hverjum ársfjórðungi og eignirnar sem þeir eiga við eru afar ósamleitar. Tölurnar sýna því illa minni breytingar, en votta þó að ekki er með neinu móti hægt að tala um verðhrun enn sem komið er.



Afgreiddar umsóknir hjá íbúðalánasjóði vegna nýbygginga og endurbóta voru 229 í september sem er nokkuð meira en í september í fyrra (183). Fjöldi afgreiddra lána til kaupa á notuðu húsnæði voru 658 sem er tölurverð aukning frá sama tíma í fyrra (589). Upphæð afgreiddra húsbrefa hefur hækkað á undanförunum mánuðum vegna aukinna viðskipta með húsnæði.




Verð á leiguvóta fer hækkandi og hefur ekki áður verið herra. Skortur er á leiguvóta og mjög gott verð á fiskmörkuðum. Verð langtímakvóta hefur hins vegar staðið í stað, en búast má við að það hækki í samræmi við væntingar um bjartari framtíð og betri afkomu í sjávarútvegi.




Raungengi krónunnar miðað við verðlag á 3. ársfj. lækkaði um 13,6% frá sama tíma í fyrra. Það skýrist eingöngu af gengislækkun krónunnar að undanförmu, en innlend verðbólga umfram erlenda hefur vegið á móti. Raungengi 3. ársfj. miðað við verðlag er 12,0% lægra en að meðaltali undanfarin 10 ár og 7,9% lægra miðað við laun.


VIII Peningar, útlán og vextir




Brýstingur hefur verið á gengi krónunnar að undanförmu, en inngríp Seðlabanka hafa hamlað á móti. Fyrstu 9 mánuði ársins var gengi krónunnar að meðaltali 16,1% lægra en á sama tíma í fyrra. Mánaðarlegt raungengi krónunnar miðað við verðlag var í september að meðaltali 13,4% lægra en í september í fyrra.




Heldur dró úr 12 mánaða vexti útlána til heimilanna á 2. fjórðungi ársins, en vöxtur útlána til atvinnuvega og hins opinbera jókst. Í heild jókst 12 mánaða vöxtur útlána úr 20½% til loka mars í 25½% til loka júní. Útlán til atvinnuvega jukust um rúm 30% en vöxtur útlána til heimilanna var u.þ.b. helmingi minni.




Breyting í % til september 2001	M3	Útlán	Útlán án uppfærslu
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiddrétt)	0,6	1,7	0,4
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árstíðarleiddrétt)	12,8	2,5	-1,6
Yfir 12 mánuði	14,5	20,2	7,7




Breyting í % til september 2001	M3	Útlán
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiddrétt)	0,0	1,1
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árst.leiðr.)	5,4	-4,4
Yfir 12 mánuði	5,6	10,9




Raunávöxtun 15 ára spariskírteina er nú 5,02% og hefur verið tiltölulega stöðug frá apríl á þessu ári, ef frá er talin nokkur hækkun í júlí sl. Raunávöxtun húsbrefa (RS15/1001/K og IBH22 1215) hefur að sama skapi verið tiltölulega stöðug frá febrúar sl. og er nú 5,91%.



Ávöxtun langtímaskuldabréfa ríkissjóðs hefur lækkað undanfarna mánuði. Ávöxtun tveggja ára bréfa er nú 10% en ávöxtun fimm ára bréfa 9,2%. Langi endi ávöxtunarfærilsins er því niðurrhallandi um tæplega 1 prósentustig. Langtímanafvextir hafa lækkað um rúmlega hálf prósentustig frá því peningastefnunni var breytt 27. mars sl. Tveggja ára vextir hafa lækkað um rúmlega 1 prósentustig frá síðustu verðbólguþá bankans 20. júlí sl. en fimm ára vextir eru nánast óbreyttir.




Verðbólguálag óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til rúmlega tveggja ára er nú 3,9% og hefur álagið lækkað nokkuð skarpt undanfarið. Álagið er nú svipað og þegar ramma peningastefnunnar var breytt 27. mars sl. en 1,4 prósentustigum lægra en þegar bankinn gerði síðast verðbólguþá 20. júlí sl. Samsvarandi tölur fyrir fimm ára bréf eru -0,3 og -0,2 prósentustig.




Raunstyrivextir Seðlabankans mældir með verðbólguálaginu mælast nú 6,7%. Þeir eru 0,4 prósentustigum lægri en þegar ramma peningastefnunnar var breytt 27. mars sl. en 1,3 prósentustigum hærrí en þegar síðasta verðbólguþá var gerð 20. júlí sl. Skammtíma vaxtamunur gagnvart útlöndum er nú 7,3% og hefur aukist um 0,6 prósentustig frá 27. mars sl. og svipað frá 20. júlí sl.

IX Verðlag



Vísitala neysluverðs í október hækkaði um 0,6% frá fyrri mánuði. Verð innfluttrar vöru hækkaði um 1,0% (0,37% áhrif á vísitöluna), þar af hækkaði verð á fötum og skóm um 2,6% (0,13%) og á innfluttum mat- og drykkjarvörum um 2,8% (0,09%). Verð á þjónustu hækkaði um 0,3% (0,09%). Markaðsverð á húsnæði hækkaði um 0,1%. Undanfarna 12 mánuði hefur vísitalan hækkað um 8,0% og um 8,6% án húsnæðis.



Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks hafa hækkað um 9,0% undanfarna 12 mánuði. Þá hefur húsnæðisliður vísitölnnar hækkað um 6,0% undanfarna 12 mánuði, innlendar vörur án búvöru og grænmetis um 10,1%, og þjónusta á almennum markaði um 8,8%.

Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

Mynd 1. Bandaríkin

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 2. Evrusvæðið

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 3. Japan

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 4. Bretland

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 5. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

Mynd 6. Útlánvöxtur innlánsstofnana erlendis.

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira. Tölur um evrusvæðið hefjast í september 1998.

Mynd 7. Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum

Heimild: Thomson Financial. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru verð sl. föstudags. Sýndar eru Nasdaq Composite vísitalan, Dow Jones Industrial Average (einnig sýnd í mynd 8) og Wilshire 5000 vísitalan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1998.

Mynd 8. Erlendar hlutabréfavísitölur

Heimild: Thomson Financial. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru verð sl. föstudags. Hlutabréfavísitölur í Þýskalandi (Dax), Bretlandi (FTSE100), Japan (Nikkei 225) og Bandaríkjunum (Dow-Jones industrial). Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1997.

Mynd 9. Mismunur langtíma- og skammtímavaxta

Heimild: Thomson Financial. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru vextir sl. föstudags. Mismunur á vöxtum 10 ára ríkisskuldabréfa og skammtímavöxtum, í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Skammtímavextir í Bretlandi og Þýskalandi eru 3 mánaða millibankavextir en í Japan og Bandaríkjunum 3 mánaða ríkisvixlavextir.

Mynd 10. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa

Heimildir: Thomson Financial. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru vextir sl. föstudags. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa eru þeir sömu og notaðir eru í myndinni á undan.

Mynd 11. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi m.v. íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 1998.

Mynd 12. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða.

Heimild: Hagstofan. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarmiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en aflamagnið.

Mynd 13. Verð á sjávarafurðum og áli

Heimild: Þjóðhagsstofnun og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum kemur frá Þjóðhagsstofnun. Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með útflutnings-vöruskiptavog. Verð áls frá LME. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðaleiðrétt.

Mynd 14. Olíu- og bensínverð

Heimild: Bloomberg. Hráolía, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu tveggja ársfjórðunga.

Mynd 15. Hrávöruverð á heimsmarkaði

Heimild: Thomson Financial/IMF. Mánaðarlegar tölur. Hrávöruverð án eldsneytis, verð á grunnmálmum og verðlag matvæla.

Mynd 16. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum.

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Veltubreyting á milli ára sl. tvö ár. Sýndar eru tölur um heildarveltu og fimm undirliði. Tölur eru uppsafnaðar frá ársbyrjun og staðvirkar með vísitölu neysluverðs eða víðeigandi undirvísitölu hennar.

Mynd 17. Sementssala og nýskráningar bifreiða

Heimildir: Sementsverksmiðjan hf., Aalborg Portland Ísland hf. og Bílgreinasambandið. Sementssala tveggja aðila, Sementsverksmiðjunnar hf. og Portland Cement. Hinn síðarnefndi hóf sölu sements hér á landi á árinu 2000. Bæði nýjar og notaðar nýskráðar bifreiðir, allir flokkar (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir).

Mynd 18. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliði. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirbyggjandi upplýsingar hverju sinni.

Mynd 19. Hlutfall samningsverðs af kostnaðaráætlun í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins

Heimild: Framkvæmdasýsla ríkisins. Sýnt er hreyfanlegt meðaltal (óvegið) tíu samninga.

Mynd 20. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

Mynd 21. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

Mynd 22. Árstíðaleiðréttur vöruinnflutningur á föstu verði

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðaleiðrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að veða saman með gengisvoginni vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

Mynd 23. Utanríkisviðskipti

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Verð og magnþróun á innflutningi og útflutningi. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátdöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frátdregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

Mynd 24. Tekjuafgangur og hrein lánsfjárbörf ríkissjóð

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Tekjuafgangur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar, sýndur sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf frá ársbyrjun sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf er halli ríkissjóðs að viðbættum löngum og stuttum útlánnum umfram innheimtar afborganir og eignasölu. Jákvæð lánsfjárbörf merkir halla og neikvæð lánsfjárbörf merkir lánsfjárafgang.

Mynd 25. Ríkistekjur og gjöld

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Sýnd er hlutfallsleg breyting tekna og gjalda ríkissjóðs á milli ára, miðað við uppsafnaðar tölur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar. Óreglulegum liðum er sleppt til að gera tölur samanburðarhæfar milli ára.

Mynd 26. Þróun skatttekna

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrjú flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi.

Mynd 27. Raunvirði skatttekna

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Vísitala, hlaupandi meðaltal 4 mánaða tímabila. Þrjú flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld tengd neyslu og innflutningi.

Mynd 28. Atvinnuleysi

Heimild: Vinnuálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðaleiðrétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af ætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

Mynd 29. Launavísitala og kaupmáttur

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölnnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirk með vísitölu neysluverðs.

Mynd 30. Laun á almennum markaði, opinberum starfsmönnum og launaskrið

Heimild: Hagstofa Íslands. Ársfjórðungslegar tölur, breyting frá sama ársfjórðungi árið áður. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölnnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum

markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Miðað er við útreikningstíma vísitölnnar.

Mynd 31. Atvinnuleysi og fjöldi starfa

Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun (ÞHS). Hagstofan kannar í apríl og nóvember stöðuna á vinnumarkaði. Hringt er í slembiúrtak úr þjóðskrá og athugað hverjir eru í vinnu og hverjir ekki. Miðað er við skilgreiningar ILO (Alþjóðavinnuá- stofnunarinnar). ÞHS athugar í janúar, apríl og september á hverju ári eftirspurnarhlið vinnumarkaðarins. Gerð er athugun hjá atvinnurekendum um hvort þeir vilji bæta við sig starfsfólki og þá hversu mörgum.

Mynd 32. Atvinnuleysi og störf í boði

Heimild: Vinnuálastofnun. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Heildarfjöldi útgefina atvinnuleyfa. Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar.

Mynd 33. Velta og verðþróun á hlutabréfamarkaði

Heimild: Verðbréfaþing Íslands. Sýnd er mánaðarleg velta á þingi og utan þings og dagleg gildi úrvalsvísitölu og þingvísitölu aðallista. Nýjasta veltutalan er velta yfirstandandi mánaðar fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 34. Fasteignaverð: íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæði

Heimild: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð í fjölbýli og sérbyli á höfuðborgarsvæðinu. Sýnd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur.

Mynd 35. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Vísitala fermetraverðs (1981:1=100), á verðlagi nýjasta tímabilsins, ársfjórðungstíðni. Sýnt er bæði einfalt meðaltal og vegið eftir stærð húsnæðis.

Mynd 36. Afgreidd húsbref á nafnverði og fjöldi afgreiddra húsbrefa

Heimild: Íbúðalánasjóður og Fasteignamat ríkisins. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Tölur Íbúðalánasjóðs um afgreidd húsbref á nafnverði og markaðsvirði í hverjum mánuði eru staðvirtar með vísitölu fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi afgreiddra húsbrefalána til nýbygginga einstaklinga og byggingaraðila og til endurbóta.

Mynd 37. Verð veiðiheimilda

Heimild: LÍÚ og Kvótaþing. Sýnt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

Mynd 38. Ársfjórðungslegt raungengi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

Mynd 39. Gengisþróun krónunnar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysluverð. Vísitala innflutnings og útflutnings miðað við viðskiptavog (vöru og þjónustu). Mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisvísitalna er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 40. Útlánaaukning lánakerfisins

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs.

Mynd 41. M3 og útlán innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Breyting útlána er með FBA frá og með mars 1999.

Mynd 42. Raungildi M3 og útlána innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. Staða í lok hvers mánaðar er færð til fasts verðs með neysluverðsvísitölu. M3 er árstíðaleiðrétt. Í mars 1998 bætast útlán FBA við útlánvísitöluna. Janúar 1998=100.

Mynd 43. Ávöxtun langtímaskuldabréfa á VPI

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupþilboð viðskiptavaka í 10 ára og 15 ára spariskírteini og húsbref í lok síðasta viðskiptadags mánaðar. (Sýndir eru eftirfarandi flokkar: RS10 0115, RS15 1001 og IBH22 1215)

Mynd 44. Ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupþilboð í ríkisbref til u.þ.b. 2 og 5 ára (RIKB 03 1010 og RIKB 07 0209).

Mynd 45. Verðbólguálag

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar almennings eru skv. könnun sem PriceWaterHouseCoopers gerir fyrir Seðlabankann þrisvar sinnum á ári, þar sem spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa er mismunur ávöxtunar ríkisbréfa og spariskírteina svipaðrar tímalengdar. Annars vegar er reiknaður mismunur á bréfum til u.þ.b. 2 ára (RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210) og hins vegar munur ríkisbréfa til um 5½ árs og spariskírteina til 3½ árs (RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410.) Tölur eru í mánaðarlok tímabilið 1998-2000 en frá ársbyrjun 2001 eru sýndar daglegar tölur.

Mynd 46. Skammtíma vextir og vaxtamunur við útlönd

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur 3 mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtímaravextir reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir verðbólguálagi ríkisskuldabréfa. Vikulegar tölur.

Mynd 47. Neysluverð

Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat. 12 mánaða %-breyting neysluverðsvisítölu Hagstofunnar og samræmdrar neysluverðsvisítölu EES (Harmonised Index of Consumer Prices, HICP).

Mynd 48. Neysluverðsvisítala eftir eðli og uppruna

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar fjögurra undirlíða neysluverðsvisítölnnar: vísitölu húsnæðis, innfluttra vara án áfengis og tóbaks, innlendra vara án búvöru og grænmetis og annarrar þjónustu. Til og með febrúar 1997 er grænmeti innifalið í liðnum innlendar vörur án búvöru og grænmetis. Frá og með mars 1997 breyttist sundurliðun Hagstofu og grænmeti var einnig undanskilið.